Hvernig getum við veitt tilviljunum í kringum okkur aukna athygli og fylgt þeim eftir?

Þegar tilraun er framkvæmd vitum við hvert við viljum komast. Við stýrum tilraun.

Tilviljanir lúta engri stjórni eðli málsins samkvæmt.

En við getum veitt þeim athygli fylgt þeim eftir leyft þeim að leika sér með okkur skapa með okkur án tilgangs eða fyrirfram gefins áfangastaðar af því bara.

Eru tilraun og tilviljun systur?

Hvernig getum við veitt því líkamlega viðbragði sem við finnum þegar tilviljanir henda okkur aukna athygli í listrænum og vísindislegum tilraunum okkar?

Dyr Tilviljanastofunnar verða opnaðar á Hugarflug. Þar takast gestir á við verkefni þar sem þeir leyfa tilviljunum að ráða og sjá hvert þær leiða þá.

Stofa 55 12.30–14.00

Þekkingarsköpun í myndlist**Anna Líndal: Þekkingarsköpun í myndlist, bergmoli og undarlegt samhengi hlutanna**

Í erindinu mun Anna Líndal velta fyrir sér möguleikum myndlistar til að miðla þekkingu. Erindið hverfist í kringum hvernig myndlist meðhöndlar samtímann og efnisgerist á einn eða annan hátt í menningarlegu samhengi. Samkvæmt hugmyndum listgagnrýnandans Nicolas Bourriaud eru listamenn að kanna umheiminn á óhefð-

bundinn hátt. Bourriaud hefur notað þá aðferð sem sýningarstjóri að varpa fram ákveðnum spurningum sem listamenn bregðast síðan við með aðferðafræði myndlistar. Undanfarið misseri hef ég verið að skoða smávægileg fyrirbæri, einskonar tíst sem verða á einhvern hátt birtingarmynd af atburðarás sem hefur verið okkur hulin. Sem dæmi eru grænlenkir steinar sem fundist hafa í Surtsey. Steinarnir bárust með ísjökum sem flutu frá Grænlandi á Íslandsmið og bráðnuðu þar. Með eldsumbrotunum við myndun Surtseyjar þá hentist grjótið með gosefnunum af sjávarbotni upp á eyjuna og endaði (með aðstoð vísindamanna) á Náttúrufræðistofnun Íslands. Ferðalag þessara grænlenksku steina til Íslands var efniviður í verki sem ég sýndi á Grænlandi sl. sumar. Rannsókn á afmörkuðu fyrirbæri getur varpað ljósi á heild. Jafnvel bergmoli við Grænland getur ferðast langa vegu og fengið samastað í nýju landi. Tengingarnar geta verið óvæntar og atburðarásin flóknari en við fyrstu sýn. Hvort sem við erum að tala um lifandi náttúru eða samfélagslegar hefðir getur atburðarásin vafið sig í gegnum margslungið og ógagnsætt kerfi. Lítil steinn og saga hans getur verið birtingarmynd fyrir stærra samhengi.

Í erindinu mun Anna Líndal velta fyrir sér rannsóknartengdum vinnuaðferðum frá sjónarhóli myndlistarmanns og rýna í eigin verk. Áherslan er á aðferðafræði myndlistamanna og möguleika fagsins til að að vera afgerandi afl í þekkingarmiðlun.

María Dalberg: Hugurinn í mynd, mynd í huganum

Ég ætla að draga fram hugtök sem hafa örvað mig í mínu listrænu ferli. Þau eru „intuition“ og „duration“ eftir Bergson og „movement–image“ og „time–image“ eftir Deleuze. Þar sem þetta eru stór og flókin hugtök þá dreg ég fram einungis þá hluta innan þeirra sem eru í beinum tengslum við eigin verk. Undanfarið hef ég verið að skoða ólíka rytma innan hreyfinga líkamans eins og þegar ég blikka augunum eða hreyfi fót í taktíska hringi. Í tengslum við þessa ólíku rytma hef ég skapað hljóð–ljóð þar sem ég les upp orð sem fylgja takti innan líkamans og mynda heild innbyrðis. Ég mun sýna vídeóbrot sem byggir á þessum athugunum á rytma innan líkamans og á hljóð–ljóði og mun setja vídeóið í samhengi við fyrrnefnd hugtök.

Helga Þórsdóttir: Leiðin inn að – myndverk Þóru Sigurðardóttur

Erindi mitt fjallar um feril, umhverfi og viðfangsefni myndlistakonunnar Þóru Sigurðardóttur. Ætlunin er að skoða listheim áttunda áratugarins í Reykjavík: hver var hin ríkjandi kanóna og hvernig endurspeglar listsköpun Þóru þá arfleifð. Jafnframt verður farið yfir helstu áhrifavalda í dönsku listalífi níunda áratugarins.

Leitast verður við að greina myndheim Þóru út frá þeim viðfangsefnum sem liggja í listhlutum sjálfum. Myndlist Þóru kallast á við hugmyndir Gilles Deleuze, sem telur listhlutinn vera algjörlega áþreifanlegan í samtali sínu við heiminn. Viðfangsefni Þóru er formið, línan, efnið og framsetning þess. Þannig kallar myndheimur Þóru á viðtakandann einfaldlega sem efni, opið til skynjunar eins og það kemur fyrir.

Deleuze segir í viðtalsbroti sem nefnist R comme Résistance og mætti á íslensku kalla M eins og Mótstaða: „Listir eru til þess að halda aftur af klúrleika mannsins, ef þær vantaði byði ég ekki í efnislegt umhverfi okkar.“ Myndlist er þannig bókstafleg í efnislegu samspili sínu við heiminn. Það er einungis vitund áhorfandans sem vísar teikningum Þóru út fyrir efnislega veru sína og sveigir listhlutinn inn í persónulegt samhengi viðtakandans.

Þóra Sigurðardóttir er fædd árið 1954. Hún útskrifaðist úr kennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1979 og úr grafíkdeild skólans árið 1981. Þóra sótti framhaldsnám í jósku listakademíunni í Árósum með áherslu á rými, málverk og skúlptúr. Þaðan lauk hún námi árið 1991. Þóra á að baki á annan tug einkasýninga ásamt fjölda samsýninga bæði innanlands og utan. Hún hefur einnig fengist við sýningarstjórnun og kennslu og hefur verið skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík og Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans.

MA-land 12.30–14.00
Íslenska og letur

Leturfræði og málfræði, og ritun og lestur heyra saman á svipaðan hátt og líkami, hugur og sál. Í málstofunni verður letur skoðað út frá stöðu íslenskunnar í tæknilegu umhverfi fortíðar og nútíðar, auk þess að rýnt er í samband leturhönnunar, læsis og almennt og miðlunar á íslensku. Vettvangur rannsókna í leturfræði felur í sér möguleika allt

frá skoðun á formlegri, hefðbundinni og menningarlegri merkingu leturs að notkun þess til að ná áhrifum og tjá tilfinningar — og að gera tilraunir inn í framtíðina: Tungumál, inntak texta og merking, og formið sem inntakinu er gefið er óaðgreinanlegt.

Sigurður Ármannsson: Saga leturs í íslensku samhengi hönnunar

Sigurður er grafískur hönnuður, leturfræðingur og stundakennari við LHÍ.

Eiríkur Rögnvaldsson: Um stafrænt umhverfi íslenskunnar og framtíðarþróun

Eiríkur er prófessor í íslenskri málfræði við HÍ.

Baldur Sigurðsson: Letur og læsi

Baldur er dósent í íslensku við HÍ.

Dan Dougherty: Allegorical typographical expression and unique Icelandic characteristics (English)

This discussion examines the concept of considering specific typographical elements or typefaces themselves as allegorical or metaphorical vehicles through which certain perspectives and issues can be aesthetically or conceptually referred to, with specific focus on relevant contemporary Icelandic typefaces and their identifiable characteristics as examples of recognisable typographical allegories.

Að loknum erindum fer fram pallborð í umsjón **Godds**, prófessors í grafískri hönnun. Málstofustjóri er **Lóa Auðunsdóttir**, aðjúnkt.

Stofa 53 14.00–15.30

Tónlistarnám á 21. öldinni: Hvaðan komum við og hvert viljum við fara?

Innan menntunarfræða á öllum skólastigum hafa menn gert sér ljóst að með tækninýjungum, örum samfélagsbreytingum, þróun og aukningu fjölmenningsarsamfélaga, svo eitthvað sé nefnt, þurfi menntastofnanir að breyta viðteknum viðmiðum og hugmyndum um menntun. Þessar breytingar endurspeglast í menntastefnu hér á þar sem m.a. er lögð áhersla á að efla siðfræðimenntun, þjálfagagnrýna hugsun, sjálfbærni og miðlalæsi í öllu námi.

Markmiðið er að mennta fólk á öllum sviðum til þess að verða upplýstir og sjálfstæðir fagmenn/námsmenn sem líta á lífið sem námsvettvang (lifelong learners).

Segja má að tónlistarmenntun á háskólastigi hafi, á þessum tímum mikilla og hraðra breytinga í samfélaginu, lítið látið haggast. Að margra mati er það merki um stöðugleika og þess að bestu leiðir til menntunar tónlistarmanna séu löngu fundnar og þurfi ekki að breyta. Aðrir sjá þennan stöðugleika sem óþarflega mikla tryggð við hefðir og jafnvel afturhaldssemi.

Í ljósi þessa og þeirra breytinga sem orðið hafa á skipulagi tónlistarnáms á háskólastigi með tilkomu Lista-háskólans munu níu kennarar og stjórnendur við Listaháskólann varpa í örkyningum, fram sínu sjónarhorni á þróun tónlistarmenntunar á 21. öldinni. Í framhaldi kynninga verða umræður um málefnið.

Í málstofunni veltum við fyrir okkur spurningum eins og: Hvaða áherslu á að leggja á fræði og rannsóknir? Þróun kennsluhátta; frá kennslulíkaninu meistari læringur yfir í námssamfélag með samvinnu kennara, frumkvæði og sjálfstæði nemenda að leiðarljósi. Kennaramenntun og námsmenning (e. Learning cultures). Verða hefðir til af því eitthvað virkar eða af því við verðum með tímanum löt og leiðumst út í rútínu – eða hvortveggja? Skapandi samvinna í þverfaglegu teymi; hvernig virkjum við fjölþætta hæfileika sem sameinast í hóp jafnframt því að sneiða hjá vandræðum sem spretta af sjálfínu (e. The Ego).

Þátttakendur í málstofunni eru **Berglind María Tómasdóttir, Elín Anna Ísaksdóttir, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Kristín Valsdóttir, Tryggvi M. Baldvinsson, Sigurður Halldórsson, Þóra Einarsdóttir, Þorbjörg Daphne Hall.**

Stofa 54 14.00–15.30

Doing Language Together (English)

Julia Lockheart

My research shows that capturing design ideas in collaboratively agreed words and written structures enables the communication of emergent knowledge within and beyond design teams. My Approaches, Practices and Tools (APTs) slow down the process of emergent team knowledge production by focusing on the invention and co-definition of neologisms, and agreed and shared language,

which aids the articulation of practice through words. To capture emerging team knowledge, my workshops encourage participants to discuss their project through a series of APTs that involve an exploration of the relationships between collaborative ideas. This capture happens through APTs that employ drawing, mapping, diagramming, embodying and co-defining emergent words and ideas.

My talk will outline my practice-centred research study (2009–2015) which engages design teams in writing through the use of my flexible APTs. These APTs transform existing design knowledge and skills into autonomous languaging and writing practices. This enables participants to shape not only the structure of the language they use and the texts they create, but also their design practice, who they are, and the world in which they want to live. These designerly and writerly practices underline the student's agency and confidence in their knowledge of how to communicate and articulate their ideas, leading them to experience writing as a social act (Lunsford and Ede, 2012) and to be "experts in the experience domain" (Sleeswijk Visser et al, 2005:132) of doing language together. This positions creative practitioners as the creators and owners of their own language rather than trying to fit into conventional modes of communication. The research I will present has been explored through workshops that utilize APTs for collaborative writing and language practices for self-selecting design teams.

Other participants in this session are graduating **MA Design students, Dóra Ísleifsdóttir**, professor and MA programme director in design, and **Guðbjörg R. Jóhannesdóttir**, adjunct lecturer.

Stofa 55 14.00–15.30

Hugur og veruleiki – fyrstu metrar sköpunarferlis

Sköpunarferli á sér upphaf í einhverju sem stendur fyrir utan það og er oft skilgreint út frá einhverskonar niðurstöðu eða lokaafurð sem ekki er hægt að sjá hvar hófst fyrr en eftir að ferlinu er lokið. Fyrstu metrarnir einkennast því oft af óljósum og leitandi þreifingum og það er ekki fyrr en á seinni stigum sem þessar þreifingar taka á sig form og stefna að einhverskonar útkomu eða niðurstöðu.

Í málstofunni verður samband þessara fyrstu skrefa sköpunarferlisins, skrásetningar og rannsókna,

við lokaniðurstöðuna skoðað. Fyrstu stig vinnuferilsins eru viðkæm fyrir því hvernig þau eru skrásett (teikning, tungumál, ljósmyndun, vídeó, lifandi frásögn), því hver sá miðillinn sem valinn er hefur áhrif á innihaldið. Oft er ekki alveg ljóst hvað það er sem ætti að skrásetja hverju sinni. Þessi upphafsskref í ferlinu eru ekki síst áhugaverð vegna þess hversu margræð og óljós þau geta verið, og eins vegna þess að þau eru oft sá hluti sköpunarferlisins sem ber höfundu skýrast vitni. Það felst því óneitanlega nokkur þversögn í því að sá hluti höfundarverks listamanna sem er hvað mest afhjúpanði fyrir þeirra skapandi hug, skuli sjaldnast gæti í upplifun og veruleika verkanna.

Þátttakendur nálgast efnið útfrá sínum forsendum, leitast við að gefa innsýn inn í þennan hluta vinnu sinnar og velta upp spurningum um skrásetningu, úrvinnslu og framrás sköpunarferlisins: **Erling Klingenberg, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hulda Stefánsdóttir, Jóhannes Dagsson og Ólafur Sveinn Gíslason.**

MA-land, 14.00–15.30

Listir til aðgerða: sögur af vettvangi

Erindin fjalla öll um verkefni sem framkvæmd hafa verið úti í samfélaginu og lúta að menntun til sjálfbærni.

Ásthildur Jónsdóttir skilgreinir hugtakið menntun til sjálfbærni og fjallar um sýninguna Ákall sem haldin var í Listasafni Árnesinga 2015.

Hugrún Þorsteinsdóttir fjallar um verkefni í framhaldsskólum þar sem lögð er áhersla á frumkvæði og hugvit nemenda á framhaldsskólastigi.

Guðrún Gísladóttir: Saga af vettvangi; Að gefa eigin umhverfi og náttúru gaum. Möguleikar list – og verkgreina til að virkja nemendur í að hafa áhrif á eigin framtíð.

Ása Hlín Svavarsdóttir og Vigdís Gígja Ingimundardóttir fjalla um samþættingarverkefni þar sem allar listgreinar tengjast saman í Waldorfskólanum Sólstafrir.

Ingiríður Harðardóttir fjallar um listasmiður fyrir börn sem haldnar voru í Grasagarði Reykjavíkur sumarið 2015.

Magnús Gylfi Gunnlaugsson fjallar um samstarfsverkefni grunnskólabarna og eldri borgara þar sem hönnun og endurnýting voru höfð að leiðarljósi.

Dr. Rósa Gunnarsdóttir fjallar um starf uppfinningaskólans og áherslur er tengjast menntun til sjálfbærni.

Stofa 53 16.00–17.30

Framtíðarsýn: samgöngur, borgir og tráma

Anna María Bogadóttir: Hugmyndin um framtíðarhúsnæði

Í erindinu verða íslensk íbúða- og byggðaþróunarverkefni skoðuð í alþjóðlegu samhengi og í ljósi ólíkra hugmynda um framtíðarhúsnæði. Bent hefur verið á að á næstu 20 árum þurfi að byggja um 2 milljarða íbúða til að svara fólksfjölgun og fólksflutningum til borga heimsins en ef litið er til takmarkana á landrymi og auðlinda jarðarinnar verða hús og íbúðir eins og við þekkjum þau í dag hvorki efnahagslega né umhverfislega raunhæf eða hagkvæm.

Hafsteinn Helgason: Lava Express – samgöngumáti til framtíðar

Lava express er verkefni sem snýr að skipulagningu og byggingu hraðlestar milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í rúm tvö ár. Þróun verkefnisins og mögulega útfærslur hafa verið í höndum framsækinnna íslenskra fyrirtækja sem sjálf hafa staðið straum af kostnaði við verkið.

Lava express mun gjörbreyta ferðamáta Íslendinga sem og ferðamanna á þessari leið. Augljós samfélags- og umhverfislegur ávinningur fylgir verkefninu, enda lestin knúin af rafmagni sem framleitt er úr jarðhita sem liggur undir sporinu.

Um risavaxið verkefni er að ræða á íslenskum mælikvarða, sem óhjákvæmilega hefur í för með sér umhverfisrask og því mikilvægt að hefja umræðuna um verkið sem fyrst til að skapa sátt um framkvæmdina í samfélaginu. Slíkt verkefni mun óhjákvæmilega verða meðal kennileita Íslands og það fyrsta sem erlendir ferðamenn sjá þegar þeir koma til landsins og því margvísleg tækifæri fyrir áhugaverða hönnun af ýmsu tagi.

Í erindinu mun Hafsteinn fjalla um verkefni í heild sinni, og varpa fram mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar þeirra sem að því standa sem og siðferðislegum hugleiðingum.

Sigrún Alba Sigurðardóttir:

París — stórborgin sem tráma

Í fyrirlesturinum verður fjallað um stórborgina París sem lifandi og ófyrirsjáanlegt afl. Fjallað verður um upplifun,

ímyndir og raunveruleika og ólíkar aðferðir listamanna, einkum ljósmyndara, rithöfunda og kvikmyndagerðarmanna, til að miðla reynslu sinni af borginni. Skoðað verður hvernig stórborgin birtist hinum aðflutta nútímamanni sem trámatísk reynsla við lok 19. aldar og hvernig trámað tekur á sig mynd í hryðjuverkaógn samtímans. Í því samhengi verður sjónum beint að hryðjuverkunum 13. nóvember 2015, myndbirtingu þeirra atburða og úrvinnslu.

Stofa 54 16.00–17.30

Þróun sjálfbærs samfélags

Sjálfbærni felur í sér umhverfislega, hagræna, menningarlega og félagslega þætti sem skarast. Breytingar innan hvers þáttar hafa alltaf áhrif í öðrum. Það er mikilvægt að hafa í huga þann arð sem sameiginlegar auðlindir gefa af sér. Auðlindirnar þarf að vernda og nýta á skynsamlegan hátt. Í sjálfbæru samfélagi rýra bætt kjör okkar ekki kjör annarra eða draga úr möguleikum þeirra til að bæta kjör sín. Til þess að stuðla að sjálfbæru samfélagi verðum við að vinna að því að ekki sé gengið á náttúruauðlindir. Leggja þarf áherslu á að koma á framfæri þekkingu sem hjálpar fólki að nota náttúruna skynsamlega. Áskorun mannsins felst m.a. í því að hagþróun taki tillit til félagslegra og umhverfislegra þátta. Náttúruauðurinn er verðmætur og forsenda lífs okkar á jörðinni. Því er mikilvægt að auka skilning allra og stuðla að því að ekki sé gengið á hann. Það er ekki rétt að ræða einungis um umhverfismál því það þarf ávallt að taka mið af samfélaginu. Oftast eru skýr tengsl á milli menningar og sjálfbærni en menning getur haft rík áhrif á hegðun, neyslumynstur og framleiðsluhætti. Þekking er nauðsynleg forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi og ætti að marka gildismat okkar og ákvarðanatöku. Flestum er eðlislægt að leita sér þekkingar og hefja sig þannig upp yfir aðstæður í umhverfinu. Með aukinni þekkingu á heiminum lærum við hvernig allt í náttúrunni tengist. Þekkingin gerir einstaklingum kleift að uppgötva eigin hlutdeild í náttúrunni og samfélaginu sem er forsenda þess að viðkomandi geti tengt á milli atburðarása og séð viðburði í samhengi.

Í hringborðsumræðunum munu **Allyson Macdonald, Ari Trausti Guðmundsson, Árni Stefán Árnason, Bjartmar Alexandersson, Guðrún Tryggvadóttir, Jóhann Björnsson, Kristján Leósson, Margrét S. Eyvindardóttir,**

Ólöf Ágústína Stefánsdóttir, Ósk Vilhjálmsdóttir, Sigurður Björnsson og Tinna Gunnarsdóttir ræða við þátttakendur um hvað þau telja mikilvægt að leggja áherslu á í þróun sjálfbærs samfélags.

Ásthildur B. Jónsdóttir og Kristín Ísleifsdóttir

stýra umræðum, en þær eru meðlimir í rannsóknahópi um menntun til sjálfbærni, sem starfar undir hatti Rannsóknastofu í listkennslufræðum við Listaháskólann.

Stofa 55 16.00–17.30

Veggir, svið og flutningur

Karina H. Morero: Four White Walls and a Grey Floor — The Exhibition Space Then, Now and Tomorrow? (English)

In his thought-provoking book 'Inside the White Cube' published in 1976, Brian O'Doherty questions the effects and implications of the modernist, white-walled gallery — namely it's non-imposing, enclosed, timeless framework; properties all of which were presented as being the ideal setting for art installations and exhibitions. Today, some 40 years after the book's publication, I would like to follow this line of inquiry to question the prevailing use of the white cube within the contemporary art context.

Relying on O'Doherty's idea of the white cube 'as a context itself', and taking into account some of the changes that have occurred in the art world to this day, my focus will be on the political and artistic context of the gallery. I will also discuss the intersection of private and public in art institutions, and the advent of the curator, a position which is not greatly reflected upon in the book. Could the contextual prevalence of the white cube be considered obsolete in the contemporary context, especially when the role and professionalisation of the curator is taken into consideration? Has the 'four, white walls and a grey floor' context changed, or merely strengthened, further impairing the initial offer of a space dedicated to conceptual and artistic freedom? Could we make sense of and justify the ongoing application of the white cube by merely considering its practical properties? Or, has the white cube's role shifted? Once providing art with a clean slated backdrop, does it now offer the curator a space for artistic exploration and research in contemporary context?

Njörður Sigurjónsson: Er símfóníuhljómsveitin dauð? Hlutverk ádeilu í stefnumótun listfyrirtækja

Á síðustu árum og áratugum hafa verið settir fram dómar af ýmsum toga um að símfóníuhljómsveitin sem menningarfyribæri sé risaæðla, úr sér gengin, í andaslitrunum eða dauð. Fylgja slíkum fullyrðingum iðulega leiðir sem hljómsveitinni beri að fara og hún ýmist „finni aftur tilgang sinn“ eða „finni sér annað hlutverk“. Á sama tíma eru þó teikn um að símfóníuhljómsveitin standi vel í samtímanum hvað varðar fjölda hljómsveita á heimsvísu, nýsköpun, gæði, vinsældir áheyrenda og aðstöðu. Hrakspár og deilugirni (pólemík) eru mikilvægur hluti stefnumótunarorðræðu og í þróun menningarstofnana er opinbert dómsdagstal hugsanlega meira áberandi en í mörgum öðrum geirum. Í erindinu er gerð grein fyrir ólíkum uppruna dánarvottorða símfóníuhljómsveitarinnar og kannað hver mögulegur tilgangur þeirra sé í samhengi listrænnar þróunar og stefnumörkunar.

Pétur Jónasson: Memorizing Contemporary Music — Strategies and Memory Types: An exploratory, phenomenologically informed multiple case study (English)

Soloists usually perform from memory. However, it seems acceptable to play contemporary music from the score, the common assumption being that it is harder to memorize than other repertoire. But is it indeed harder? Empirical research on the memorization processes of contemporary music is scarce. Here, light is cast light on the topic by exploring what strategies and what types of memory musicians employ when memorizing contemporary works. In a pilot study, three advanced guitar students were asked to learn two short pieces – one traditional, the other contemporary (i.e. atonal, rhythmically complex)– within a restricted time frame. They commented on the process, marked their scores and, subsequently, performed them from memory. The sessions were audio and video recorded in presence of the first author who, while observing the process, engaged in dialogue with the participants. A main study was then performed, using the same methods but involving only one, longer, more complex contemporary piece. Data were analysed using Interpretative Phenomenological Analysis. Results from the pilot study showed that participants

found it easier to memorize the contemporary piece, in spite of its considerably greater rhythmic and musical complexity. The main strategy used by all participants for both music genres was the segmented, but participants differed as to memory types; one relying on aural, kinaesthetic and emotional memories, another on aural and kinaesthetic, the third on visual memory. All were successful at memorizing the longer work. No differences were noted between studies as regards memory types nor main strategies. It seems that the novelty of the contemporary material and the strategies needed for deciphering complex rhythms made it easier to memorize the contemporary pieces than the traditional work. The participants' dialogues with the researcher and the development of meta-cognition through reflecting upon their own practicing and learning, functioned as a self-teaching method.

Rauða torgið 17.30–18.00

Eftirmál / Epilogue

Sameiginlegar umræður þar sem ráðstefnugestir deila lærdómi, skynjun og gagnrýni um upplifun sína á ráðstefnunni, undir stjórn **Einars Torfa Einarssonar**, aðjúnkts í tónlistardeild. Aðilum af fagvettvangi, nemendum og öðrum málsmetandi aðilum er sérstaklega boðið sem álitsgjöfum á þennan ráðstefnulið, auk þess sem ráðstefnugestir allir eru hvattir til að taka þátt.

Plenary session, where conference guests share their experience and reflections on the conference program. Selected professionals and students are invited as commentators to this session, in addition to the anticipated participation of other conference guests.

Chaired by **Einar Torfi Einarsson**, Adjunct Lecturer, Department of Music.

UM HUGARFLUG / ABOUT HUGARFLUG

Hugarflug er árleg ráðstefna Listaháskólans og er nú haldin í fimmta sinn. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir faglega og gagnrýna umræðu um þekkingarsköpun með áherslu á listrannsóknir og þann fjölbreytileika sem einkennir nálgun, aðferðir, efnistöð og miðlun á sviðinu.

Hugarflug býður upp á tækifæri til tengslamyndunar í akademísku samhengi hinna skapandi greina og leiðir saman starfsmenn skólans, nemendur, stundakennara og starfandi listamenn, hönnuði, sýningarstjóra, listræna stjórnendur og fræðafólk á sviði menningar, lista og menntunar.

Hugarflug, the 5th annual conference organized by Iceland Academy of the Arts, is an important platform for a critical discussion on the production of knowledge, focusing on artistic research and the wide array of methods, subjects and forms of dissemination in this emerging field.

Hugarflug offers a unique networking opportunity for professionals in the creative, cultural and arts sectors, bringing together faculty members, students, part-time lecturers, alumni, artists, designers, curators, artistic directors and academics.

RÁÐSTEFNUNEFND**Dr. Berglind María Tómasdóttir**

aðjúnkt og fagstjóri við tónlistardeild

Dr. Einar Torfi Einarsson

aðjúnkt við tónlistardeild

Dr. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

aðjúnkt við hönnunar- og arktiektúrdeild og listkennsludeild

María Dalberg

MA nemi í myndlist

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

forstöðumaður rannsóknþjónustu

Tinna Gunnarsdóttir

